

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Malbikunarstöð Akureyrar Akureyri



Dags eftirlits	24.8.2022	Abyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Malbikunarstöð Akureyrar	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	v/ Súluveg (Miðhúsavegi)	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4101696229	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Guðríður Friðriksdóttir	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis	Arnór og Jón S.	Staðsetning	539861,247 575194,992

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú eldri frávik eru enn opin. Hátt gildi fyrir olíu í útfalli úr olíuskilju er áfram opið frávik. Eins eru áfram opin frávik vegna losunar á ryki og kolmónoxíð árið 2021 sem voru umfram losunarmörk í starfsleyfi og frávik vegna þess að útblásturshraði náði ekki tilskildum hraða upp á 20 m/s.

Nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi eru sein skil á grænu bókhaldi fyrir árið 2021. Frávikinu er lokað þar sem gögnin bárust 17. maí sl.

Ábending er gerð um að aðskilja betur rekstur malbikunarstöðvarinnar annarri starfsemi Akureyrarbæjar og að ljúka framkvæmdum við að uppfylla ákvæði deiliskipulags lóðarinnar.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Viðstaddir eftirlitið voru Jón S. Hansen og Arnór Þorri Þorsteinsson frá Akureyrarbæ, Alfreð Schiöth frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Farið var í reglubundið eftirlit með Malbikunarstöð Akureyrar sem staðsett er við Súluveg ofan Akureyrar. Starfsleyfið er frá janúar 2017 og gildir til 2033. Stöðin er rekin af Akureyrarbæ sem er með umhverfis- og samgöngustefnu (frá 2020) á heimasiðu sinni.

#### Dagskrá:

1. Staða fyrri frávika og ábendinga
2. Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og hreinsikerfa stöðvarinnar í útblæstri
3. Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017
4. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar
5. Tiðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2022
6. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

1. Sex frávik frá kröfum í starfsleyfi voru skráð í eftirliti á síðasta ári. Þremur er lokað.

Grænt bókhald og útblásturstursmælingar vegna ársins 2020 hafa skilað sér og því er frávikunum lokað.

Eins er fráviki vegna losunar á yfirborðsvatni af lóð stöðvarinnar í mýri/tjörn neðan stöðvarinnar lokað. Möguleikar á að tengast inn á regnvatnskerfi Akureyrar eru hverfandi og nýta verður aðrar leiðir, s.s. blágrænar ofanvatnslausnir til þess að meðhöndla ofanvatn.

Þrjú eldri frávik (a-c) eru því enn opin: a. Há gildi olíu í útfalli úr olíuskilju er enn óleyst. Mögulega er uppsóp sem geymt er við olíuskiljuna áhrifavalldur. Tekin hafa verið sýni úr frárennsli og ef niðurstöður mælinga sýna olíu umfram 15 mg/l skal rekstraraðili senda inn nýja tímasetta úrbótaáætlun vegna olíu í frárennsli stöðvarinnar.

b.- c. Frávik vegna útblásturstursmála snúa að of háum gildum fyrir ryk og kolmónoxíð og eins er útblásturshraði undir mörkum. Beðið er eftir nýrra mælingu í útblæstri og hefur rekstraraðili út september 2022 til að skila niðurstöðum mælinga. Ef mælingar sýna losun umfram losunarmörk sem sett eru í starfsleyfi þá skal rekstraraðili skila tímasettri úrbótaáætlun vegna útblástursfrávika. Frávakin verða áfram opin þar til kröfum til útblásturstursmála er mætt.

Nokkrar ábendingar frá fyrri árum þarf að uppfylla: a. Eftir á að þrýstiprófa niðurgrafnar olíulagnir, b. uppfæra áætlun um rekstur hreinsibúnaðar, c. bent er á að flokka og skrá úrgang sem fellur til í stöðinni.

2. Vegna útakstandandi frávika er rekstraraðili að skoða mögulegar breytingar á aðferðum, færa móttöku á uppsópi annað, móta yfirborð við stöðina þannig að olíuskiljan bjóni minna svæði og yfirfyllist síður á álagstínum. Akureyrarbær samþykkti deiliskipulag fyrir svæði malbikunarstöðvarinnar við Súluveg í september 2009.

Tilfærsla lóðarinnar: Lóð malbikunarstöðvarinnar er færð fjær náttúruverndarsvæðinu við Glerárgil og færist um 45 metra frá gilbrúninni.

Aðgengi: Tekið er sérstakt tillit til umferðar almennings um svæðið og lagður stígur á mörkum lóðar malbikunarstöðvarinnar.

Sjónmengun: Í deiliskipulaginu er gerð kvöð um trjábelti á mörkum lóðarinnar að vegi að austan og til norðurs.

Vatnsmengun: Fara skal að ítrустu kröfum um mengunarvarnir hvað varðar mengun í jarðvegi af völdum olíu og annarra eldfimra vökva.

Enn á eftir að ljúka framkvæmdum til þess að stöðin sé í sátt við samþykkt deiliskipulag fyrir lóðina.

3. Sendur hefur verið listi yfir olíugeyma stöðvarinnar við Súluveg. Þar sem geymar við Naustatanga heyra undir starfsleyfi malbikunarstöðvarinnar er farið fram á að rekstraraðili uppfærði lista yfir neyslu-, húsa- og lausageyma sem tilheyrir stöðinni og sendi afrit á Umhverfisstofnun.

4. Í starfsleyfi er gerð krafa um að þrjár skriflegar áætlanir. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda og áætlun um rekstur hreinsibúnaðar í útblæstri. Rekstraraðili er að uppfæra þessar áætlanir og farið er fram á að stofnunin fái send afrit af uppfærðum áætlunum um leið og þær liggja fyrir.

Vegna losunarmarka skal gera árlegar mælingar í samræmi við grein 3.8 í starfsleyfi. Eins skal mæla þykkt olíugeyma á 10 ára fresti og þrýstiprófa niðurgrafnar langir á 5 ára fresti.

Tvenn gagnaskil eru áskilin í starfsleyfi. Skila skal niðurstöðum eftirlitsmælinga fyrir lok þess árs sem mælingarnar eru framkvæmdar og grænu bókhaldi hvers árs skal skila til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí næsta ár á eftir. Eftirlitsmælingar í útblæstri vegna 2021 bárust tímanlega eða 19. ágúst 2021. Niðurstöður mælinga voru þó yfir í ryki og kolmónoxíði. Enn hafa niðurstöður fyrir árið 2022 ekki borist.

Grænt bókhald vegna 2021 barst of seint eða 17. maí sl. Það er frávik frá kröfum í starfsleyfi. Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.

5. Farið var yfir áhættumat um tíðni eftirlits. Uppfært áhættumat fyrir stöðina verður notað við gerð eftirlitsáætlunar næsta árs.

6. Gengið var um stöðina. Skoðuð var aðstaða við uppsóp af götum Akureyrarbæjar og afrennsli af því í nálæga olíuskilju. Skoðaðar voru framkvæmdir á lóðarmörkum og vinna við færslu stöðvarinnar af barmi Glerárgils. Skoðaðar voru hellur og gúmmihellur sem bærinn geymir á lóð stöðvarinnar og efnishauga sem fyrirhugaðir eru í hjólastíga ofan bæjarins.

Margt af þessu tengist ekki rekstri malbikunarstöðvarinnar en veldur álagi og gerir starfsmönnum erfitt fyrir með að uppfylla kröfur starfsleyfisins. Farið er fram á að aðskilja rekstur malbikunarstöðvarinnar betur annari starfsemi Akureyrarbæjar og að ljúka framkvæmdum við að uppfylla ákvæði deiliskipulags lóðarinnar.

Engar kvartanir hafa borist vegna stöðvarinnar og engin mengunaróhöpp orðið.

## Frávik frá

## Lýsing á fráviki

ákvæði í grein 4.4 um skil á grænu bókhaldi Rekstraraðili skal skila grænu bókhaldi í samræmi við reglugerð nr. 851/2002 fyrir 1. maí ár hvert. Gögnin bárust 17. maí sl.

## ÁBENDINGAR

Ábending er gerð um að aðskilja betur rekstur malbikunarstöðvarinnar annari starfsemi Akureyrarbæjar og að ljúka framkvæmdum við að uppfylla ákvæði deiliskipulags lóðarinnar.

## ANNAÐ

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra var viðstaddir eftirlitið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 26.09.2022

  
Gottskálk Friðgeirsson